

Nd.

26. Frumvarp

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm. : Jón Baldvinsson.

1. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má eigi skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur vegna elli. En sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting á fátækralögunum, sem hér er um að ræða, hefir áður verið flutt á Alþingi, en þá í sambandi við aðrar breytingar á lögnum. Þykir ekki þörf að skýra frv., svo sjálfsögð og rjettlát er breyting sú, er í því felst.